



SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða Styrkir 2022

Yfirlit yfir styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða vegna ársins 2022. Umsóknir voru 101 talsins en veitt ný styrkvilyrði 57. Árangurshlutfall var þannig 57%.

Heildarupphæð styrkvilyrða var 54.450.000 kr.

Við þá upphæð bætast 12.650.000 kr. sem var úthlutað á árunum 2020-21 til verkefna sem tóku til fleiri en eins árs. Heildarúthlutun fyrir árið 2022 var því 67.100.000 kr. sem deilist á 64 verkefni.

Hér eru aðeins nefndir þeir sem hlutu styrkvilyrði í úthlutun vegna ársins 2022.

Stofn- og rekstrarstyrkir:

Edinborgarhúsið ehf	2.500.000	2022-2024
Strandagaldur ses	2.000.000	2022-2024
Skóbúðin hversdagssafn ehf.	1.200.000	2022
Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag	1.000.000	2022
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.	1.000.000	2022
Félag um safn Gísla á Uppsölum	750.000	2022
Baskavinafélagið á Íslandi / Baskasetur Íslands	700.000	2022
Kol og salt ehf / Artsiceland og Úthverfa	600.000	2022
Alls:	9.750.000	

Styrkir til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna:

Gráðaostagerð Öundurfarðar.	Otti Freyr Steinsson	2.700.000
Nýting á birkiskógum Vestfjarða	Elías Guðmundsson	2.000.000
Fab Lab Strandir	Sýslið verkstöð ehf.	2.000.000
Krabbaeldi og vinnsla á Hólmavík	Hafþór Torfason	2.000.000
Kraftur úr Hafinu: Crab & seaweed soup powder	Jamie Lai Boon Lee	2.000.000
Náttúrubarnaskóli og náttúrubarnahátíð	Sauðfjársetur á Ströndum ses	1.800.000 til þriggja ára
Vitalína Kertahússins	Fantastic Fjords ehf.	1.500.000
Cycling Westfjords	Halldóra Björk Norðdahl	1.500.000
Í átt að sjálfbærum Vestfjörðum	Náttúrustofa Vestfjarða	1.500.000
The Westfjords Way Challenge	Tyler James Wacker	1.400.000
Bæjarmynd Bíldudals - greining, mótun og áætlanagerð	Gyða-áhugamannafélag	1.200.000
Saga.AR	Gunnar Ólafsson	1.200.000
Minni-Bakki í Skálavík	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir	1.200.000
Raunhæfi sjávarfallavirkjana við Vestfirði	Valorka ehf	1.000.000
Hjólað um Vestfirði - Westfjords the Cycle Way	Skútusiglingar ehf.	1.000.000
Sjávarlúsadreifingarlíkan og vöktun sjávarlúsa	Náttúrustofa Vestfjarða	1.000.000
Markaðsetning Ísafjarðar sem áfangastað fjallahjólarans.	Hjólreiðadeild Vestra	750.000
Daytripster - sýndarveruleikaupplifun á Vestfjörðum	Satu Liisa Maria Raemö	500.000
Umsóknarskrif fyrir Evrópuverkefni – Orkuskipti í dreifbýlum	Blámi félagasamtök	400.000
Wildness - Björgum hafinu (Save the Oceans)	Lukás Polách	350.000
	Alls:	27.000.000

Styrkir til menningarverkefna:

Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu	Edinborgarhúsið ehf	1.500.000
Nr 4 Umhverfing	Academy of the Senses	1.000.000
Menningardagskrá FLAK 2022	FLAK ehf.	1.000.000
Í garðinum hjá Láru	Pétur Albert Sigurðsson	1.000.000
Act alone 2022	Act alone, félagasamtök	1.000.000
Opera Manoson	Tónlistarskóli Ísafjarðar	1.000.000
Blús milli fjalls og fjöru.	Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök	750.000
The Factory - listasýning	Hótel Djúpavík ehf.	750.000
With Love, Iceland	Jamie Lai Boon Lee	750.000
Tónlistarhátíðin Miðnætursól	Tónlistarskóli Bolungarvíkur	700.000
Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða	Birna Bjarnadóttir / Ingi Björn Guðnason	600.000
Vetrarhátíðir á Ströndum: Vetrarsól og Hörmungadagar	Arnkátla - lista- og menningarfélag	600.000
Stelpur filma á landsbyggðinni!	RIFF	500.000
Listahátíð Samúels	Félag um listasafn Samúels	500.000
Flatbirds Art Walk	Juraj Hubinák	500.000
Símasögur - stuttmyndagerð á snjallsímum	Glimrandi framleiðsla ehf.	500.000
Viðburðir norðan Djúps	Sögumiðlun ehf	500.000
Ísleifur á heimaslóðum	Listfélagið Steingrímur	500.000
Gústi Guðsmaður, leikrit	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	450.000

Styrkir til menningarverkefna frh.

Isolation - living in Hornstrandir	Red Blokkur, félagasamtök	450.000
Hin saklausa skemmtun	Vigdís B Esradóttir	450.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	450.000
International Westfjords Piano Festival	Andrew Junglin Yang	400.000
2. F. Chopin tónlistarhátíðin á Ísafirði	Fryderic Chopin tónlistarfélagið á Íslandi	400.000
List í Alviðru 2022 - Við sjávarsíðuna	Dagrún Matthíasdóttir	350.000
Fyrirlestur um gervigreind	Stefán Þór Þorgeirsson	340.000
Þjóðleikur á Hólmavík	Leikfélag Hólmavíkur	300.000
Valse triste - sýning	Kol og salt ehf	250.000
ArtsIceland - viðburðir	Kol og salt ehf	210.000
	Alls:	17.700.000

Hér fyrir neðan er ofurlítill umfjöllun um hvert verkefni eins og því var lýst í umsókninni.



Nr 4 Umhverfing

Academy of the Senses

1.000.000 kr.

Ferðalag um Vestfirði, Strandir og Dali vörðuð listaverkum eftir myndlistarmenn sem eiga þangað rætur að rekja eða hafa sest þar að. Hugmyndin er að setja upp myndlistarsýningar á stöðum og í húsnæði þar sem ekki er hefð fyrir samtíma myndlistarsýningum. Ýmis mannvirki og landsvæði, eyðibýli, sundlaugabyggingar, veitingahús, kafihús, skemmur, hlöður og stigagangar munu breytast sumarlangt í sýningarrými.

Stelpur filma á landsbyggðinni!

RIFF

stelpur filma

500.000 kr.

Stelpur í 8. og 9. bekk læra undirstöðuatriði í kvikmyndagerð undir tryggri leiðsögn virtustu handritshöfunda og kvikmyndagerðakvenna landsins.

Námskeiðið er mikilvægur þáttur í því að hvetja stúlkur áfram, gefa þeim rými til að taka áhættur í kvikmyndagerð og láta rödd sína heyrast. Það er einlægur vilji RIFF að leiðrétta kynjahallann í kvikmyndaframleiðslu og eitt skref í því er að bjóða uppá þessa fimm daga vinnustofu á Vestfjörðum.

Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða

Birna Bjarnadóttir / Ingi Björn Guðnason

600.000 kr.

Bókin Leiðarvísir um dulmagn Vestfjarða varpar ljósi á brot úr vestfirskri bókmennta- og menningarsögu frá miðöldum til samtímans. Hún byggir á erindum um efnið sem flutt voru á tveimur málþingum á Ísafirði 2018 og 2021, með stuðningi Jóns Sigurðssonar prófessors við Háskóla Íslands, Ísfjarðarbæjar og Háskólaseturs Vestfjarða. Höfundar efnis eru fræðimenn og rithöfundar frá Vestfjörðum, Reykjavík, Kaupmannahöfn og Winnipeg. Ritstjórar Birna Bjarnadóttir og Ingi Björn Guðnason.

Fyrirlestur um gervigreind

Stefán Þór Þorgeirsson

340.000 kr.

Leiksyning sem fjallar um verkfræðinginn Stefán sem hefur farið sigurför um heiminn með boðskap sinn um gervigreind og framtíð mannkyns. Nú er hann kominn til Vestfjarða til að fræða fólk um tækniþróun og mögulegar hættur gervigreindar. Það sem hann veit ekki er að gervigreindin er nú þegar mætt. Hún fylgist með honum og lærir af honum. Hún bíður færast til að taka völdin.



Í átt að sjálfbærum Vestfjörðum

Náttúrustofa Vestfjarða

1.500.000 kr.

Umhverfissvottun Vestfjarða hefur nú fest sig í sessi sem hluti af vestfirskum sveitarfélögum en þau hafa hlotið silfurvottun Earth Check. Til að auka skilvirkni og áreiðanleika gagna er nú ætlunin að þróa verklag varðandi gagnaöflunarþáttinn í samvinnu við sveitarfélögin og þróa verklag varðandi þær umbætur sveitarfélaganna.

Einnig er ætlunin að auka sýnileika verkefnisins með því að útbúa upplýsandi heimasíðu og setja skilti við veginn þegar ekið er inn á umhverfissvottaða Vestfirði.

Umsóknarskrif fyrir Evrópuverkefni – Orkuskipti í dreifbýlum

Blámi

400.000 kr.

Verkefnið snýr að innleiðingu hreinna raforku lausna í dreifbýlum byggðum en

Vestfirðir eru eitt viðfangsefna verkefnisins. Mikil samkeppni er um úthlutanir sjóðsins og brýnt að umsóknir séu faglega unnar og algengt að sótt sé í ráðgjafa til að aðstoða við skrif.

Ef styrktarumsókn Bláma og samstarfsaðila verður samþykkt verður hafist handa við að vinna að orkuskiptaáætlun en gert er ráð fyrir að sótt verði um 120-170 milljóna króna styrk.





Safn Gísla á Uppsölum

Félag um safn Gísla á Uppsölum

750.000 kr.

Sýning að Fremri-Uppsölum í Selárdal þar sem lögð verður áhersla á sjálfbærni. Gísli á Uppsölum hefur orðið að einskonaar táknmynd fyrir nægjusemi, nýtni og sjálfbærni. Húsakosturinn að Fremri-Uppsölum verður lagfærður, bæði íbúðarhús og útihús. Einnig verður garður Gísla endurgerður og hyggst safnið bjóða gestum upp á heimaræktað grænmeti og mat úr héraði.

Blús milli fjalls og fjöru

750.000 kr.

Tónlistarhátíð þar sem blúsinn er allsráðandi.

Hátíðin verður haldinn í ellefta sinn 2022 og metnaður mikill í að gera enn betur enn áður.

Áhersla er lögð á vandaða dagskrá á hóflegu miðaverði. Blús milli fjalls og fjöru er tveggja daga hátíð með það að markmiði að gæða Vestfirði tónlistarlegri dýpt og nýrri upplifun á

tónlist þræla og fanga í Ameríku. Margir þekktir tónlistarmenn og hljómsveitir hafa tileinkað sér tónlist gömlu meistaranna.



Raunhæfi sjávarfallavirkjana við Vestfirði

Valorka

1.000.000 kr.

Þróun sjávarorkutækni er afar hröð og við Vestfirði eru líklega álitleg virkjanasvæði. Í verkefninu verður rannsakað hvaða kröfur þarf að gera til sjávarfallavirkjunar til að hún teljist hagkvæm fyrir tiltekið svæði og út frá tilteknum forsendum. Niðurstöður má nýta t.d. til að átta sig á fýsileika sjávarorkunýtingar. Rannsóknarsvæðið verður líklega nærri Látraröst. Að verkefninu koma vestfirska hverflapróunar-fyrirtækið Valorka, samstarfsverkefnið Blámi og teymi sérfræðinga.

Listahátíð Samúels

500.000 kr.

Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal efnir til listahátíðar helgina 12-14. ágúst. Þar verður fjölbreytt dagskrá í boði, föndur og leikir fyrir börn, leiðsagnir, kvikmyndasýning, leiksýning, tónleikar Guðrúnar Jóhannu Ólafsdóttur og Francisco Javier Jauregui gítarleikara í kirkjunni auk fleiri viðburða. Boðið verður upp á ljúffenga rétti úr héraði.





Bæjarmynd Bíldudals

- greining, mótun og áætlanagerð
Gyða-áhugamannafélag

1.200.000 kr. Þessi styrkveiting er skilyrt við vinnu arkitekta og aðra hönnun.

Lokamarkmið verkefnisins er að stuðla að uppbygging nýs miðbæjar á Bíldudal, með því að:

- skipuleggja hafnarsvæðið og búa til lystibryggju
- endurgera kaupmannshúsið
- færa Svalborgarhúsið
- reisa Bullshús að nýju

Menningardagskrá FLAK

1.000.000 kr.

Frá upphafi hefur FLAK verið hugsað sem suðupottur fyrir hvers konar list- og menningarviðburði og er markmið okkar að auðga mannlíf, menningu og menningartengda ferðaþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum.

Fjölbreyttir viðburðir á borð við tónleika, listasýningar, fræðslufundi og fyrirlestra eru samfélagslega mikilvægir og styrkja ímynd fólks af svæðinu - bæði innan svæðis og út á við.



International Westfjords Piano Festival

Andrew Junglin Yang

400.000 kr.

Tónlistarhátíð með áherslu á píanóleik í hæsta gæðaflokki. Á hverju ári munu píanóleikarar hátíðarinnar bjóða upp á spennandi dagskrá með einstakri listrænni sýn og halda meistaranámskeið fyrir nemendur í samfélaginu sem lýkur með nemendatónleikum. Á upphafsárinu verður boðið upp á heimsþekktan ungverskan píanóleikara, Peter Toth, og bandaríska píanóleikarann Andrew J. Yang, sem er tónlistarkennari á Patreksfirði.



Gústi guðsmaður, leikrit

Kómedíuleikhúsið

450.000 kr.

Gústi Guðsmaður er nýtt leikverk sem á erindi við okkur öll og mun sannlega snerta og hreyfa við sál okkar. Hér er saga vestfirskrar alþýðuhetju og hugsjónamanns sögð á einlægan hátt. Víst eru þær margar einstakar sögurnar en fáar jafnast á við söguna af honum Gústa sem fór í útgerð með Guði. Allur ágóðinn fór til þeirra er minna mega sín. Leikritið er sviðsett af næstelsta atvinnuleikhúsi landsbyggðarinnar sem hefur starfað óslitið í tvo áratugi og verður frumsýnt þar. Svo verður farið í leikferð.

List í Alviðru – Við sjávarsíðuna

Dagrún Matthíasdóttir

350.000 kr.

Menningarverkefni þar sem lögð er áhersla á samstarf listamanna í gerð umhverfislistaverka sem verða staðsett við sjávarsíðuna í landi Alviðru í Dýrafirði. Þar koma saman listamenn frá Vestfjörðum og Norðurlandi og starfa í blönduðum listmiðlum og því sem náttúran gefur. Boðið verður til listsýningar í Fjárhúsinu, kynningu á verkefni og listafólki og umhverfislistasýningu í lok verkefnisins.



Í garðinum hjá Láru

Pétur Albert Sigurðsson

1.000.000 kr.

Tónlistarhátíðin stofnuð af hjónunum Láru D. Halldórsdóttur og Pétri A. Sigurðssyni, fyrst haldin árið 2019. Hátíðin samanstendur af röð tónleika þar sem fram kemur bæði upprennandi og þekkt tónlistarfólk víðs vegar af landinu. Fjöldmargir listamenn hafa stigið á svið síðustu tvö sumur við frábærar undirtektir og hátíðin verið mjög vel sótt af heimafólki og ferðamönnum á leið sinni um Vestfirði.

Kómedíuleikhúsið

1.000.000 kr.

Kómedíuleikhúsið hefur starfað á Vestfjörðum í tvo áratugi og verið í fararbroddi leiklistar á Vestfjörðum. Áfram verður haldið á árinu með því að bjóða uppá vandaðar leiksýningar árið um kring í leikhúsinu í Haukadal Dýrafirði. Einnig verður ferðast reglulega um land allt með leiksýningar allsstaðar þar sem fólk kemur saman og hefur gaman. Á árinu verður frumsýnd ein ný leiksýningu og boðið upp á vönduð námskeið á Vestfjörðum.



Gráðostagerð Önunderfjarðar

Otti Freyr Steinsson

2.700.000 kr.

Árið 1913 flutti Jón Guðmundsson á Þórustöðum í Önunderfirði inn roquefort ostagerla frá Frakklandi og bjó til úr honum fyrsta íslenska gráðastinn árið 1913 úr sauðamjólk. Í verkefninu verður handverk Jóns endurvakið og þróað með framleiðslu á hágæða gráðastosi sem verður framleiddur á Flateyri úr sauðamjólk eftir gömlum hefðum.

Flatbirds Art Walk

Juraj Hubinák

500.000 kr.

Listaganga sem Jean Larson listmálari bjó til á Flateyri árið 2021. Hún hefur málað 12+1 veggmyndir af fuglum sem búa í Önunderfirði á húsveggi á Flateyri. Markmiðið með þessu verkefni er að búa til leiðarvísi, kort og upplýsingaskilti ásamt bæklingi til að kynna Flatbirds fyrir Vestfirðingum og gestum af ólíkum uppruna. Þetta gerir öllum kleift að upplifa listagönguna í heild sinni og meta í heild sinni þá list sem heiðrar náttúru Önunderfjarðar.



Vitalína Kertahússins

Fantastic Fjords

1.500.000 kr.

Verkefnið snýr að því að hanna nýja vörulínu, Vitalínu, af 8 mismunandi vitum hringinn í kringum landið. Það eykur við vöruframboð Kertahússins, skapar fjölbreytt störf við hönnun, framkvæmd og framleiðslu.

Vitakertin verða í tveimur stærðum og hanna þarf öskjur, límmiða og bæklinga sem segja sögu þeirra, lýsa arkitektúr og sýna staðsetningu þeirra. Vitakertin eru því fullkomin gjöf sem upphefur vestfirska framleiðslu og nýsköpun en markmiðið er að markaðssetja þessi kerti á landsvísu.

Nýting á birkiskógum Vestfjarða

Elías Guðmundsson

2.000.000 kr.

Innan skamms mun töluvert magn af fiski fara í gegnum reykhus á Vestfjörðum. Allir sem hafa atvinnu af því að reykja fisk nota innfluttan reykspæni sem er sérstaklega unnin fyrir reykhus sem þurfa vottaða vöru fyrir matvælaíðnað. Á Vestfjörðum eru miklir birkiskógar sem hægt er að nýta í framleiðslu á vottuðum reykspæni. Mögulega lífrænt vottuðum reykspæni.



Act Alone

1.000.000 kr.

Elsta leiklistarhátíð landsins verður haldin á Suðureyri dagana 4. - 6. ágúst 2022. Boðið verður uppá á annan tug viðburða fyrir fólk á öllum aldri. Viðburði allt frá brúðunámskeiði til uppstands og einleikja bæði innlendra og erlenda. Að vanda verður ókeypis á alla viðburði hátíðarinnar eins og verið hefur frá upphafi. Act Alone er hátíð eins manns senunnar á Íslandi og er eina hátíð sinnar tegundar hér á landi og jafnvel bara í heiminum öllum.

Rekstur Edinborgarhússins

2.500.000 kr. rekstrarstyrkur til þriggja ára

Edinborgarhúsið er stærsta menningarhús Vestfjarða.

Það er vettvangur fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi á Ísafirði en þjónar jafnframt norðanverðum Vestfjörðum og fjórðungnum öllum eftir því sem samgöngur leyfa. Menningarmiðstöðin stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum árið um kring. Í húsinu er Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar með fast aðsetur og stendur fyrir fjölmörgum listviðburðum á ári hverju. Auk þess eru haldnir fjölbreyttir viðburðir í húsinu að frumkvæði utanaðkomandi aðila.



Cycling Westfjords

Halldóra Björk Norðdahl

1.500.000 kr.

Verkefnið er í senn leikur og áskorun fyrir reiðhjólalaferðamenn með fræðilegu ívafi ásamt því að ýta undir sjálfbæran ferðamáta. Þátttakendur skrá sig í hjólaleiðir með mismunandi erfiðleikastig. Þeir fá kort - gjafapakka - leiðbeiningar um þjónustu á þeirri leið sem þeir velja. Til sönnunar á ferðum sínum tekur þátttakandi myndir á fyrirfram ákveðnum stöðum sem eru eins konar kennileiti hverrar leiðar eða hafa sögu eða fræðslutengingu. Þátttakendur fá viðurkenningarskjal að lokinni leið.



Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu

1.500.000 kr.

Menningarmiðstöðin Edinborg mun standa fyrir vönduðum viðburðum á sviði lista og bókmennta. Boðið verður upp á tónleika, leiksýningar, myndlistasýningar, danssýningar, bókmenntavökur og aðra menningarviðburði. Bæði rótgróna viðburði og vinsæla í bland við nýja og framsækna, ýmist á vegum menningarmiðstöðvarinnar eða í samstarfi við aðra aðila, íslenska og erlenda, innan svæðis og utan.

The Westfjords Way Challenge

Tyler James Wacker

1.400.000 kr.

Fyrsta fjöldægra ofur úthalds þrepaskipta hjólakeppni sem fer fram á Vestfjarðaleiðinni, tengist samfélaginu og hefur sjálfbærni í umhverfismálum að leiðarljósi.

Mótið fer fram 28. júní til 1. júlí og mun laða að alþjóðlega hjólreiðamenn og styrktaraðila. Fyrstu skref viðburðarins felast í að þróa framkvæmanlega keppnisáætlun og markaðsefni í samstarfi við Cycling Westfjords, samfélögin á Vestfjörðum, Vestfjarðastofu og alþjóðlega styrktaraðila.



Hversdagssafn - museum of everyday life

Skóbúðin hversdagssafn

1.200.000 kr.

Á Hversdagssafninu er safnað og miðlað menningu hins daglega lífs í gegnum frásagnalist, sjón- og hljóðræna miðla. Aðstandendur safnsins búa til sýningar og verkefni sem eru byggðar á djúpvíðtölum. Á safninu eru nú þrjár gagnvirkar kjarnasýningar auk skynjunarsmiðju sem og 20 mínútna löng kvikmyndadagskrá í litlum bíósal. Safnið stendur fyrir vinnusmiðjum og samstarfsverkefnum sem snerta viðfangsefni safnsins.

Artslceland – viðburðir
Kol og salt
210.000 kr.

Með starfseminni viljum við koma Vestfjörðum á kortið sem lifandi vettvangi listsköpunar og miðlunar á listasviðinu í háum gæðaflokki. Gestavinnustofur Artslceland eru í rekstri árum um kring og um 40 listamenn dvelja þar í skemmri eða lengri tíma.

Skipulagðir eru viðburðir og uppákomur með þátttöku gestkomandi listafólks og þeirra sem eru búsettir á svæðinu. Allir viðburðirnir eru opnir almenningi.



Hjólað um Vestfirði - Westfjords the Cycle Way
Skútusiglingar

1.000.000 kr.

Verkefnið snýst um að þróa hjólaferðir um Vestfirði sem nýta sér innviði sem fyrir eru. Um er að ræða hjólaferðir sem tækju 4-7 daga og þjónustan verður með mismunandi útfærslum eftir því hvað gestir kjósa en alltaf verður gisting, morgunmatur og nesti innifalið auk upplýsinga um leiðir. Eins verður hægt að leigja hjól, í boði verða fastar dagsetningar fyrir hópa með skutli á farangri o.fl.

Markaðsetning Ísafjarðar
sem áfangastað fjallahjólarans
Hjólreiðadeild Vestra
750.000 kr.

Markaðssetning Ísafjarðar sem áfangastað
fjallahjólarans. Ísafjörður þróaður sem
sumaráfangastaður útivistarmannsins.





Artsland og Úthverfa - rekstur

Kol og salt

600.000 kr. rekstrarstyrkur

Starfseminni er ætlað að vera viðbót við það sem fyrir er og stuðla að því að koma Vestfjörðum á kortið sem lifandi vettvangi listsköpunar og miðlunar á listasviðinu með listafólki í háum gæðaflokki. Gestavinnustofur Artsland og Gallerí Úthverfa eru í rekstri alla mánuði ársins og á fimmta tug listamanna dvelur í gestavinnustofunum á ári hverju.

Allir viðburðir eru opnir almenningi og leitast er við að hvetja til samskipta heimamanna og gestanna sem koma alls staðar að úr heiminum.



Daytripster - Sýndarveruleikaupplifun
á Vestfjörðum

Satu Liisa Maria Raemö

500.000 kr.

Daytripster smáforritið gerir fólki kleift að fræðast og ferðast um ýmsa staði í heiminum með hjálp sýndarveruleika. Smáforritið er tilbúið. Í þessu verkefni

Vestfirðir bæst í hópinn og hægt að upplifa einstaka náttúru og menningu svæðisins hvaðan sem er úr heiminum og á ýmsum tungumálum. Daytripster er nýstárleg leið til að kynna spennandi áfangastaði og svarar kalli sem verður sífellt háværara eftir því sem fólk nýtir sér tæknina meira.



Símasögur - stuttmyndagerð á snjallsímum

Glimrandi framleiðsla

500.000 kr.

Verkefni sem valdeflir fólk af ólíkum uppruna til að segja sögur. Verkefnið er hugsað sem árlegt námskeið og viðburður í kvikmyndagerð fyrir ungt fólk með áherslu á fjölmennings-samfélagið. Verkefnið skiptist í tvo hluta. Annarsvegar er boðið upp á námskeið á netinu þar sem þátttakendur fá þjálfun í kvikmyndagerð á snjallsímum og hins vegar vinnusmiðju þar sem þátttakendur klára stuttmyndir undir leiðsögn í raunheimum.



2. F. Chopin tónlistarhátíðin á Ísafirði
Fryderyk Chopin tónlistarfélagið á Íslandi
400.000 kr.

Tónlistarhátíð á Ísafirði haustið 2022. Á dagskrá verða hátíðartónleikar og stutt kynning þar sem áheyrendum gefst kostur að varpa fram spurningum og kynnast ennþá betur verkum úr efnisskrá. Tónlistarhátíðin mun gefa vestfirskum tónlistarunnendum tækifæri til þess að njóta heimstónlistar í flutningi fremstu tónlistarmanna en einnig þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í tónlistarheiminum.

Wildness - Björgum hafinu (Save the Oceans)

Lukás Polách
350.000 kr.

Fatalína sem er gerð úr efnum hafa verið unnin úr þeim plastúrgangi sem trufla vistkerfi hafsins hvað mest, eins og veiðinetum og iðnaðarplasti. Wildness brand er í samstarfi við Healthy Seas, samtökum sem sjá um að bjarga plastúrgangi úr hafinu, og Econyl, sem endurvinnur plastið í efnið sem við notum í útivistarfatnaðinn okkar. Djúp tenging okkar við hafið og fjöllin og hvatinn til að vernda náttúruna veitir okkur innblástur í fatahönnun okkar.



Valse triste - sýning
Kol og salt ehf
250.000 kr.

Sýnd verður myndlist og sagt frá verkum Guðmundar Thoroddsen (1952-1996). Hann bjó og starfaði á Ísafirði á tíu ára tímabili áður en hann lést. Auk þess að starfa að myndlist var hann leiðsögumaður og skútukappi en fyrirtæki sem hann stofnaði - Skútufélagið ehf. - er forveri og fyrirmynd þeirra fyrirtækja sem sérhæft hafa sig í skútusiglingum í og við Vestfirði undanfarin ár.

Sýningin er hluti af Umhverfingu4 sem haldin verður á Vestfjörðum 2022.

Opera Manoson
Tónlistarskóli Ísafjarðar
1.000.000 kr.

Ný íslensk ópera. Samstarfsverkefni Tónlistarskóla Ísafjarðar, Kammersveitarinnar Aldubáran ásamt Bernharði Wilkinson frá Færeyjum og tónskáldsins Péter Tóth frá Ungverjalandi. Um er að ræða hefðbundið óperuverk með nútíma boðskap eftir ungverska tónskáldið Péter Tóth og óperutexta eftir Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur. Í sögunni renna saman í eina deiglu ungverskar ævintýrahettur, norrænar goðsagnir, íslensk þjóðsagnaminni og evrópsk ævintýri



Saga.AR

Gunnar Ólafsson

1.200.000 kr.

Verkefnið er þegar komið af stað og er virk "prótótýpa" til nú þegar. Samið var við hugbúnaðarfyritækið Kvöldvaka.AR um þá gerð og áframhaldandi vinnslu. Næstu skref eru að fullskapa Sögumanninn og Sögukonuna og hnýta við Ósvör, Bolafjall, Dynjanda til að byrja með. Tæknin er tilbúin en framleiðslan eftir. Komandi sumar(frá maí) mun Saga vera tilbúin á þessum stöðum og bæði fyrir iOS og Android. Geta þá gestir notað snjalltækið sitt til að fá staðgóðar og spennandi upplýsingar sem bæta ferð .

Minni-Bakki í Skálavík

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir

1.200.000 kr.

Próun á nýjum viðkomustað ferðamanna. Áhersla verður lögð á sögu- og menningartengda viðburði, skipulagðar gönguferðir með leiðsögn og aðgengi að stórkostlegri náttúru. Þar verða tækifæri til að taka á móti einstökum ferðamönnum, hópum, heimamönnum og skemmtiferðaskipum sem munu leggja upp í vikina fyrir utan.

Nauðsynleg og mikilvæg viðbót fyrir ferðamenn sem munu leggja leið sína á Vestfirði, sérstaklega á útsýnispallinn á Bolafjalli.



Sjávarlúsadreifingarlíkan og vöktun sjávarlúsa

Náttúrustofa Vestfjarða

1.000.000 kr.

Sótt er um styrk til undirbúnings á styrkumsókn í alþjóðlegan samkeppnissjóð hjá Evrópu-sambandinu. Þar verður sótt um styrk til að byggja upp gagnvirkt sjávarlúsadreifingarlíkan fyrir Ísland og samræma vöktun sjávarlúsa við það sem best þekkt í öðrum löndum.

Verkefnið verður unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun Íslands og Hafrannsóknastofnun Noregs.

Tónlistarhátíðin Miðnætursól

Tónlistarskóli Bolungarvíkur

700.000 kr.

Haldin í annað sinn 28. júní - 2. júlí. Kyiv Soloist mun koma aftur til Bolungarvík, en þessi úkraínska kammersveit samanstendur af tónlistarfólki sem hefur sigrað innlendar og alþjóðlegar tónlistarkeppnir. Jafnframt mun koma fram Associació Musical Vila de Falset er lúðrasveit frá bænum Falset á Spáni.

Hátíðin er stærri og umtalsvert umfangsmeiri en skipulögð var árið 2020, en var frestað vegna heimsfaraldurs.



Viðburðir norðan Djúps

Sögumiðlun

500.000 kr.

Fjórir meginviðburðir verða norðan Djúps sumarið 2022. Listakonan Rúrí (Puríður Fannberg) verður með innsetningu sem verður komið fyrir á fjórum mismunandi stöðum á Vestfjörðum, m.a. í Snjáfjallasetri. Í Steinshúsi flytja Anton Helgi Jónsson og Brynja Hjálmsdóttir ljóð á Hamingjudögum.

Tónleikarnir Ljósagangur á Snæfjallaströnd sem eru að hluta til óður til Sigvalda Kaldalóns verða


í Steinshúsi föstudaginn 29. júlí og í Dalbæ laugardaginn 30. júlí 2022 með þátttöku um tíu listamanna.

Isolation - living in Hornstrandir

Red Blokkur

450.000 kr.

Heimildamynd sem sýnir lífið fyrir nokkrum áratugum á Hornströndum. Áhorfandinn fær að kynnst þeim harða raunveruleika sem fólk bjó við, ekki aðeins hinum harða og endalausum vetri eða skortinum á vörum og læknisþjónustu, heldur einnig þeirri erfiðu áskorun að þurfa að takast á við sínar eigin takmarkanir.



Baskasetur Íslands

Baskavinafélagið á Íslandi

700.000 kr.

Baskasetri í Djúpavík er ætlað að verða miðstöð skapandi sjálfbærni í tengslum við breytta heimsmynd þar sem súrnun sjávar er yfirvofandi ógn og rusl í hafinu ógnar lífríkinu. Endurvinnsla með listrænni nálgun og nýsköpun ásamt áherslum á sjálfbærni verða aðaláhersluatriði Baskaseturs. Boðið verður upp á tónleika og alþjóðlegar vinnubúðir listafólks sem vinnur að endurvinnslulist í tengslum við hafið. Samstarf um verkefnið er þegar hafið við aðila á Spáni og Frakklandi auk innlendra aðila.



The Factory – listasýning

Hótel Djúpavík

750.000 kr.

Árleg listasýning í Djúpavík. Á hverju sumri þjónar gamla síldarverksmiðjan sem umgjörð um sýningu þar sem innlendir og erlendir listamenn hittast og setja upp fjölbreytta sýningu myndlistar, hljóðverka og innsetninga. Öll verkin á sýningunni sýna upplifun listamannsins af Íslandi og tengjast umverfinu. Litrík og fjölbreytilega sýning.

Hin saklausa skemmtun


Vigdís B Esradóttir

450.000 kr.

Fróðlegar sögur, upplestur úr nýjum og eldri bókmenntum, heimspekileg erindi og gamanmál.

Til leiks er boðið þekktum rithöfundum og fræðimönnum, heimamönnum sem og utanaðkomandi. Málþingið er ókeypis og öllum opið, og markmiðið „að efla og auka samheldni, félagsskap og menntun“ heima í héraði.

Undir merkjum Hinnar saklausu skemmtunar verður einnig staðið fyrir 5 húslestrum rithöfunda árlega á ýmsum bæjum vítt og breitt um héraðið.



Ísleifur á heimaslóðum

Listfélagið Steingrímur

500.000 kr.

Valin verk sem Ísleifs Konráðssonar málaði af heimahögunum sýnd í gamla bókasafninu á Drangnesi sumarið 2022. Málþing og verkstæði í tengslum við sýninguna. Stofnendur Steingríms Listfélags eru kennaramenntaðir listamenn og sjá um verkstæðið. Nemendur á Drangnesi og Hólmavík njóta góðs af verkefningu í formi fræðslu og skapandi verkstæðavinnu.

Strandagaldur

2.000.000 kr. rekstrarstyrkur til þriggja ára

Strandagaldur hefur rekið Galdrasýningu á Ströndum frá árinu 2000 með góðum árangri. Verkefni sem hefur margvísleg hlutverk; menningarstofnun, leiðandi ferðaþjónustuaðili, veitingastaður og stofnun sem vinnur að því að efla samfélagið á Ströndum. Galdrasýningin hefur þá sérstöðu að vera eina safnið á Vestfjörðum sem er opið allt árið og ætlað að halda þeirri stöðu, enda mikilvægt fyrir svæðið og ferðaþjónustuna í heild á Vestfjörðum.





Náttúrubarnaskóli og náttúrubarnahátíð Sauðfjársetur á Ströndum

1.800.000 kr. til þriggja ára

Náttúrubarnaskólinn er viðamikl
nýsköpunarverkefni sem hefur staðið fyrir skemmtilegum námskeiðum og viðburðum á Sauðfjársetrinu. Verkefnið snýst um uppbyggingu menntatengdrar ferðaþjónustu sem byggir á náttúrutúlkun og þjóðfræði. Á árinu 2022 verður áhersla lögð á viðamikla og vandaða Náttúrubarnahátíð, einnig að færa verkefnið í átt til sjálfbærni með markaðssetningu fyrir ólíka hópa, ferðafólk og heimamenn.

Fab Lab Strandir

Sýslið verkstöð

2.000.000 kr.

Sýslið verkstöð vinnur að því að verða miðstöð skapandi greina á Ströndum. Sýslið er með vel útbúin verkstæði sem uppfylla helstu kröfur sem gerðar eru til Fab Lab smiðja. Verkefnið gengur út á að Sýslið verði viðurkennt Fab Lab og geti tekið þátt í alþjóðlegu þekkingarneti Fab Lab smiðja. Sýslið ætlar að vera með opin verkstæði þar sem fólk getur nýtt stafræna tækni gjaldfrjálst í samræmi við hugmyndafræði Fab Lab að veita fólki tækifæri að nýta sér stafrænar smiðjur til nýsköpunar og náms.



Vetrarhátíðir á Ströndum: Vetrarsól og Hörmungadagar

Arnkátla - lista- og menningarfélag

600.000 kr.

Tvær vetrarhátíðir, menningar- og listahátíðir með óvenjulegu þema, verða haldnar á Ströndum vormisseri 2022, Vetrarsól á Ströndum verður í janúar og Hörmungardagar í lok febrúar. Hátíðirnar eru á vegum listafélagsins Arnkötlu sem starfar á Ströndum og í Reykhólasveit.



Leikrit í fullri lengd

Leikfélag Hólmavíkur

450.000 kr.

Setja á upp leikrit í fullri lengd á vormisseri 2022. Leikverkið hefur ekki enn verið ákveðið, en líkur eru á að það verði gamanleikrit eða farsí. Slíkar uppsetningar hafa jafnan tekist vel hjá Leikfélagi Hólmavíkur og vakið lukku meðal áhorfenda. Undirbúningur er hafinn með að finna leikstjóra og farið að skoða möguleg handrit. Skoðað er að setja upp verk sem ekki hefur verið sýnt áður hér á landi. Stefnt er að frumsýningu í apríl 2022.

Þjóðleikur á Hólmavík

Leikfélag Hólmavíkur

450.000 kr.

Verkefnið Þjóðleikur snýst um leikstarfsemi ungs fólks á landsbyggðinni, uppsetningu á nýjum íslenskum leikritum sem eru sérstaklega skrifuð fyrir unglinga sem allra víðast á Vestfjörðum í samvinnu við skóla, leikfélög og leiklistarhátíð vorið 2022. Verkefninu var hleypt af stokkunum af Þjóðleikhúsinu árið 2008, sem vildi tengja sig á lifandi hátt við ungt fólk á aldrinum 13-20 ára á landsbyggðinni og efla þannig bæði áhuga þess og þekkingu á listforminu leiklist.



Krabbaeldi og vinnsla á Hólmavík

Hafgustur

2.000.000 kr.

Verkefnið snýr að því að koma af stað krabbaeldi þar sem að grjótkrabbi er veiddur úr sjónum og settur í svo til gerð geymslukur, þar sem hægt væri að ala þá þar til að þeir ná ákjósanlegri sláturstærð, og í framhaldinu væri hægt að setja upp litla vinnslu til að vinna afurðir úr krabbanun og mögulega fiski í heimabyggð.



Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum

1.000.000 kr. rekstrarstyrkur

Sýningin er helguð bátum og hlunnindum Breiðafjarðar. Þar gefst öllum aldurshópum færi á að kynnst æðarfugli og súðbyrðingnum sem nýlega komst á heimsmínjaskrá UNESCO. Á neðri hæð sýningarinnar er bátavélasýning. Sýningin leggur einnig áherslu á að vera með uppákomur eins og skemmtikvöld, fræðslufundi og bíður nemendum í heimsókn. Sýningin rekur einnig upplýsingamiðstöð fyrir Reykhólahrepp, minjagripaverslun og Bátakaffi.



Kraftur úr Hafinu: Crab & seaweed soup powder

Jamie Lai Boon Lee

2.000.000 kr.

Í kjölfar jákvæðra markaðsprófana fyrir vörur unnar úr kræklingi og þangi hyggst Fine Foods Íslandica ehf markaðssetja og hefja sölu á tveim nýjum vörum í matvöruverslunum og minjagripaverslunum á árinu 2022. Nýjar vörur úr grjótkrabba verða þróaðar í samvinnu við Hafgust ehf. samhliða fýsileikakönnun á því að koma upp lítilli aðstöðu til matvælavinnslu.

With Love, Iceland

Jamie Lai Boon Lee

750.000 kr.

With Love, Iceland er verk í vinnslu um þá sem fást við matvælaframleiðslu, listir og menningu á Vestfjörðum. Sagðar eru sögur með viðtölum, myndböndum og frásögnum. Kafað er ofan í heim þessa fólks með það fyrir augum að kynna það fyrir öllum heiminum með vel unninni frásagnarlist. Hún verður kynnt á WithLoveIceland.com og á sýningum.

